



Matvælastofnun
Austurvegur 64
800 Selfoss

Efni: Skipulagðar kayakferðir erlendra ferðapjónustuaðila á Breiðafirði

Stjórn Æðarræktarfélags Íslands og deildir félagsins við Breiðafjörð óska eftir upplýsingum um hvernig staðið sé að leyfisveitingum og eftirliti með erlendum aðilum í ferðapjónustu sem bjóða upp á kayakferðir á Íslandi. Hvernig þess sé gætt að upplýsa þá um lög og reglur sem gilda um friðlýst svæði æðarfugls og önnur viðkvæm varplönd fugla en samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1996, sem sett er með stoð í lögum nr. 64/1994, er þar öll óviðkomandi umferð bönnuð. Einnig hvernig þess sé gætt að upplýsa um eignarráð landeigenda og þær takmarkanir sem gilda að lögum um skipulag atvinnustarfsemi á eignarlöndum þeirra, sbr. t.d. 24. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Tilfni fyrirspurnarinnar er m.a. kayakferðir, sem hollenskt fyrirtæki hefur boðið upp á nú í ár og undanfarin ár á Breiðafirði <https://www.dutchseakayakers.com/ijsland-2015/> Umrædd ferð, sem hér er vísað til, er á því tímabili þegar friðlýsing æðarvarpa er í gildi og varp allra fugla hvað viðkvæmast og ungar að skríða úr eggjum. Boðið er upp á viðkomu og gistingu í tjöldum í ótilgreindum eyjum að einni undanskilinni en þar hefur ekki verið haft samráð við landeigendur.

Þá kemur fram á vefsíðunni að fólk geti valið um að koma með eigin kayaka eða leigja þá af fyrirtækinu. Er því tilfni til að óska eftir svörum um hvaða skilyrði eru sett fyrir innflutningi notaðra kayaka til notkunar í sjó, vötnum og ám á Íslandi og hvernig eftirliti sé háttað með þeirri smithættu sem af þeim stafar. Þá sýna myndir á vefsíðunni að kayakarnir eru dregnir upp í fjöru og á land.

12. mars 2020.

Virðingarfyllst,

Æðarræktarfélag Íslands
Guðrún Gauksdóttir, formaður
info@icelandeider.is
gudrungauks@gmail.com

Æðarverndarfélag Snæfellinga
Ásgeir Gunnar Jónsson, formaður
asgeir.gunnar.jonsson@gmail.com

Æðarvé, Dalasýsla og A - Barðastrandasýsla
Helga María Jóhannesdóttir, formaður
skaleyjar@gmail.com

Erindi einnig sent á :

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasund 1
101 Reykjavík

Ferðamálastofa
Geirsgata 9
101 Reykjavík